



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 7. október 2019

USK2019090005

5.8

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkomu að göngubrú yfir Breiðholtsbraut - Tilvísun í mál R19080207.

Á fundi borgarráðs 29. ágúst 2019 lögðu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins svohljóðandi fyrirspurn fram:

"Að komast upp á brúna sem er yfir Breiðholtsbrautina ef komið er norðan megin við Breiðholtsbrautina (frá Mjódd) er aðeins fyrir þá fótafimustu. Til að komast upp á brúna er nokkra metra all brattur rampur sem er mold og grjót. Það er ekki hægt að ætlast til þess að t.d. eldri borgara eða hreyfihamlaðir komist upp þennan ramp til að komast á brúna. Þessi frágangur er óásættanlegur því það þarf nánsta að skriða þarna upp og á vetrum gæti þetta orðið eins og rennibraut. Sjá myndir. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr: Af hverju er þetta skilið eftir með þessum hætti? Hvenær stendur til að ljúka þessu frágangi þannig að aðgengi þarna megin við brúna verði fyrir alla?"

Svar:

Ný göngu- og hjólabrú yfir Breiðholtsbraut er að norðanverðu tengd við malbikaðan göngu- og hjólastíg sem liggur í sveigum upp brekkuna frá Arnarbakka og að norðurenda brúarinnar. Í fyrirspurn er vísað í gamlan malarstíg / vinnuveg sem er aflagður. Honum verður nú lokað fyrir gangandi umferð. Aðgengi við norðurenda brúarinnar er því talið vera í góðu lagi.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

